



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. apríl 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál

Fjárlaganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2022-2026, 627. mál.

Hlaupum hraðar – slítum fjötrana og sækjum tækifærin

SI lýsa ánægju sinni með að fjármálum hins opinbera sé markvisst beitt til að tryggja stöðugleika og skapa grundvöll fyrir efnahagsbata. Samtökin eru einnig ánægð með að áherslan sé á menntun, nýsköpun, efnislega innviði og starfsumhverfi. Með umbótum á þessum sviðum eykst framleiðni sem leiðir til aukinnar hagsældar.

Leið vaxtar – að veita atvinnulífinu svigrúm til að skapa aukin verðmæti og ný og eftirsótt störf – er farsælasta leiðin út úr núverandi efnahagvanda. Leið aukinna opinberra umsvifa og skattlagningar mun hefta vöxt atvinnulífs og tefja endurreisnina. Með því að slíta fjötrana sem halda aftur af atvinnulífinu með markvissum hætti á næstu mánuðum verður hægt að hraða uppbyggingu og skapa ný og eftirsótt störf og aukin verðmæti. Verðmætasköpun sem byggir á öfluglu, fjölbreyttu og samkeppnishæfu atvinnulífi er forsenda góðra líf skjara.

Ný sókn atvinnulífs er fram undan. Valið snýr að því hvort við viljum endurreisa hagkerfið sem var eða byggja upp fleiri stoðir með því að virkja hugvitið í meiri mæli og sækja tækifærin. Áherslur SI í þeim efnum eru skýrar en á sama tíma og bæta þarf rekstrarskilyrði þeirra atvinnugreina sem fyrir eru þarf að skapa skilyrði þannig að nýr iðnaður byggist upp og tækifærin sótt. Þannig aukast lífsgæði landsmanna til lengri tíma litið, ekki bara til skemmri tíma. Í þingsályktuninni er fjallað um þetta með vísan í beina erlenda fjárfestingu: „Bein erlend fjárfesting getur einnig leikið lykilhlutverk við hraðan vöxt í nýjum greinum þar sem þekking flyst milli landa“. Undir þetta taka Samtök iðnaðarins heilshugar og hvetja stjórnvöld áfram á þessari braut. Mættu stjórnvöld þá einkum huga að því að gefa skýrt til kynna áhuga sinn á beinni erlendri fjárfestingu og uppbyggingu nýs iðnaðar annars vegar og hins vegar að vinna að nauðsynlegum umbótum til að ryðja hindrunum úr vegi fyrir slíkri uppbyggingu.

Efnahagslegur styrkur er undirstaða þess að treysta megi velsæld og lífsgæði til framtíðar. Með vexti efnahagslífsins má tryggja sjálfbærni í opinberum fjármálum – stöðva skuldasköpun hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu eigi síðar en 2025 líkt og rætt er um í fjármálaáætluninni



- og renna þannig stoðum undir trúverðugleika opinberra fjármála til að takast á við hagstjórnarverkefni framtíðarinnar.

Efnahagsleg markmið á tíma fjármálaáætlunarinnar ættu að vera að skapa með sjálfbærum hætti nægan hagvöxt til að vinna bug á atvinnuleysi og auka efnahagsleg lífsgæði þjóðarinnar. Auka þarf landsframléiðslu á mann þannig að hún verði meiri en hún var fyrir núverandi niðursveiflu. Skapa þarf efnahagsleg lífsskilyrði sem laðar fólk og fyrirtæki til landsins. Auka þarf gjaldeyriskjör, verðmætasköpun og fjölga störfum í einkageiranum. Standa þarf vörð um stöðugleikann og tryggja sjálfbærni í opinberum fjármálum. Efla verður samkeppnishæfni með áherslu á þá þætti sem helst eru til þess fallnir að auka umsvif fyrirtækja í landinu og fjölga störfum.

Samtökin telja ljóst að hið opinbera þarf að gera meira en felst í fjármálaáætluninni ef nægan hagvöxt á að skapa á tíma áætlunarinnar til að ná atvinnuleysinu niður á ásættanlegt stig. Í þjóðhagsspá Hagstofunnar sem lögð er til grundvallar fjármálaáætlun er reiknað með 3,4% hagvexti að meðaltali á ári á tímabili áætlunarinnar og að atvinnuleysi fari niður í tæplega 4,5%. Ljóst er að um ½-1 prósentustigi meiri árlegan hagvöxt þarf á tímabilinu til þess að ná atvinnuleysinu niður í ásættanlegt stig, þ.e. 3-3,5%.

Nýlega gáfu SI út skýrslu undir yfirskriftinni „Hlaupum hraðar“ þar sem fjallað er um efnahagsleg markmið til ársins 2025 og fjölmargar leiðir til að ná þeim markmiðum.¹ Í stuttu máli þarf að fjölga störfum í einkageiranum um 29 þúsund á næstu fjórum árum og auka útflutning um 300 milljarða til að búa við sömu lífsgæði og voru áður en heimsfaraldur kórónaveiru skall á. Mikilvægt er að þetta sé gert með þeim hætti að hagvöxturinn sé sjálfbær, stöðugleikinn sé tryggður og verðbólgan verði við 2,5% verðbólgu markmið Seðlabankans.

Þetta er vissulega metnaðarfullt en raunhæft og má benda á að við höfum gert þetta áður. Ekki þarf að fara langt aftur til að finna dæmi um það og jafnvel meiri vöxt. Yfir tímabilið 2015-2018 var árlegur hagvöxtur að meðaltali 4,9%, sem sagt nokkru meiri en þörf er fyrir á tíma áætlunarinnar til að ná atvinnuleysinu niður á ásættanlegt stig. Útflutningur óx umtalsvert á þessu sama tímabili og starfandi fjölgaði árlega um 3,9% og samanlagt um 28 þúsund störf sem væri meira en nú er þörf fyrir til að ná atvinnuleysinu niður. Munurinn á þessu tímabili og tíma áætlunarinnar er að á tímabilinu 2015-2018 var mikið flutt inn af vinnuafli en nú ætlum við að nýta að mestu vinnuafli sem fyrir er í landinu og ná þannig atvinnuleysinu niður og auka atvinnuþátttöku. Markmiðið er þó einnig að skapa lífsskilyrði sem kallar á fjölsfjölgun þó að hún verði ekki í sama mæli og á tímabilinu frá 2015-2018.²

Rétt er að undirstrika að hér er ekki verið að segja að endurtaka eigi í einu og öllu það sem gert var á árunum 2015-2018. Hagkerfið sem kemur út úr núverandi niðursveiflu er ólíkt því sem var fyrir niðursveifluna. Efnahagsbatinn verður á öðrum forsendum, í öðrum greinum og með þann lærdóm í farteskinu sem áunnist hefur. Meðal þess er að lífskjör framtíðarinnar munu byggja á fjölbreyttu atvinnulífi. Fjölbreytnin er grundvöllur stöðugleika – vörn gegn efnahagslegum áföllum.

¹ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/ldnthing-2021_skyrsla1.pdf

² https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Efnahagsleg-markmid-komandi-kjortimabils_05-03-2021.pdf



Útkoman er í höndum hagstjórnaraðila og markast af því hversu vel gengur að skapa samkeppnishæf skilyrði fyrir fyrirtæki að vaxa hér á landi. Hvað það varðar skiptir máli að tvær af fjórum útflutningsstoðum hagkerfisins tilheyra iðnaði, hugverkaiðnaður og orkusækinn iðnaður.

Til að bæta við þeim gjaldeyrstekjum sem þarf á tíma áætlunarinnar er nauðsynlegt að sækja tækifæri til frekari gjaldeyrissköpunar. Verður það gert með því að sækja tækifærin með frekari umbótum og markaðssókn til að laða að fjárfestingu í bæði nýjum og rótgrónum fyrirtækjum þannig að útflutningstekjur aukist, fleiri störf skapist sem og aukin verðmæti.

Miklu máli skiptir að ákvarðanir stjórnvalda leiði til umbóta á Íslandi, bæði fyrir fólk og fyrirtæki. SI vilja leggja sitt að mörkum í þeim efnum. Í ofangreindri skýrslu SI eru lagðar fram 33 tillögur um hvernig sé hægt að slíta fjötrana, hlaupa hraðar og sækja tækifærin. eru þær tillögur einnig að finna hér í þessari umsögn.

Starfsumhverfi

Samtökin fagna að góð skuldastaða hins opinbera hefur verið nýtt til að beita fjármálum ríkis og sveitarfélaga af þunga til að milda niðursveifluna og skapa forsendur fyrir nýtt hagvaxtartímabil. Gætt hefur verið að því að forgangsriðun sé rétt og að skuldaförkun sé ekki umfram það sem mæta má með sjálfbærum hætti litið til framtíðar. Þannig hefur stöðugleikinn verið betur tryggður á sama tíma og hugað er að markmiði um sjálfbærni opinberra fjármála.

Verðbólguvæntingar við markmið peningastefnunnar hafa einnig gefið Seðlabankanum svigrúm til þess að beita tækjum peningastjórnunar til að örva hagkerfið. Stýrivextir bankans hafa verið lækkaðir umtalsvert til að hjálpa fyrirtækjum og heimilum að takast á við efnahagssamdráttinn. Bankinn hefur einnig beitt öðrum stýritækjum á borð við sveiflujöfnunarauka og bindiskyldu til að tryggja aðgang að lausu fé og stutt þannig við fyrirtæki og heimili í landinu.

Til að ná fram stöðugleika er mikilvægt að hagstjórnartækjunum á sviði opinberra fjármála og peningamála sé beitt með samstilltum og réttum hætti. Tækjum hagstjórnar er nú beitt til að draga úr dýpt niðursveiflunnar og skapa efnahagslega viðspyrnu inn í nýtt hagvaxtarskeið. Markmið aðgerða stjórnvalda á að vera að skapa störf og auka verðmætasköpun fyrirtækja. Þannig bætum við líf skjör.

Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi er ein lykilforsenda samkeppnishæfs atvinnulífs og góðra líf skjara. Ef starfsumhverfið er skilvirkt, hagkvæmt og stöðugt í samanburði við starfsumhverfi fyrirtækja í löndum samkeppnisaðila er staðan sterk og líklegra að fyrirtækjum og efnahagslífinu öllu vegni vel.

Ein af stóru áskorunum á tíma fjármálaáætlunarinnar er að tryggja samkeppnishæft starfsumhverfi sem laðar til landsins fólk og fyrirtæki. Auka má hagkvæmni með því að lækka álögur á fyrirtæki, t.d. með lækkingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

Það er ánægjulegt að ríkisstjórnin hafi ákveðið að lækka tryggingagjaldið sem lið í að stuðla að efnahagslegum stöðugleika í tengslum við Lífskjarasamninginn. Um er að ræða tímabundna ráðstöfun sem gilda á í eitt ár eða til ársloka 2021. Leggja SI áherslu á mikilvægi þess að lækka gjaldið til lengri tíma. Tryggingagjaldið leggst á launagreiðslur og myndi lækking gjaldsins auka



svigrúm fyrirtækja og auðvelda þeim að fjölga starfsfólki nú þegar brýn þörf er á. Tímabundna lækkun gjaldsins þarf því að festa í sessi og frekari lækkun tryggingagjaldsins er nauðsynleg aðgerð fyrir íslenskan vinnumarkað.

Gott og heilbrigt starfsumhverfi er grunnforsenda þess að fyrirtæki dafni og styðji við efnahagslega velsæld íbúa. Með réttum aðgerðum á þessu sviði má skapa störf og auka verðmæti. Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur til að efla starfsumhverfið.

- Beita af fullum þunga fjármálum ríkis og sveitarfélaga til þess að skapa forsendur fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Nýta það svigrúm sem góð skuldastaða hins opinbera gefur til að reka hið opinbera með halla og örva þannig hagkerfið til vaxtar. Gæta að því að forgangsroðun sé rétt og að skuldasöfnun sé ekki umfram það sem mæta má með sjálfbærum hætti litið til framtíðar.
- Létta álögum af fyrirtækjum eins og kostur er, m.a. með lækkun tryggingagjalds og fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.
- Beita tækjum peningastjórnunnar enn frekar til þess að skapa skilyrði fyrir auknar fjárfestingar og vöxt í innlendri eftirspurn. Lækka vexti frekar og auka aðgengi fyrirtækja að fjármagni.
- Vinna áfram að markvissri endurskoðun á gildandi regluverki með það að markmiði að einfalda regluverk og draga úr óþarfa reglubyrði. Við setningu nýrra reglna skulu áhrif þeirra á atvinnulífið ávallt metin.
- Auka samkeppniseftirlit með starfsemi opinberra fyrirtækja.
- Gera aðgengilega lista yfir alla þá sem hafa réttindi til að starfa sem iðnaðarmenn.
- Bæta eftirlit með lögum um handiðnað með áherslu á aukna skilvirkni og meðalhóf. Færa eftirlit frá lögreglu til annarra stofnunar, t.d. iðnráðs, eftirlitsheimildir auknar og aukin samþætting eftirlits.

Menntun

Samtökin fagna því að sú stefnumörkun sem lá til grundvallar gildandi fjármálaáætlun sé efnislega óbreytt og taka heilshugar undir helstu áherslur í menntamálum sem þar koma fram. Menntun felur í sér tækifæri fyrir einstaklinga og mannauð fyrir fyrirtæki. Menntakerfið hefur einblínt á hið fyrrnefnda en á síðari árum hefur hið síðarnefnda fengið aukið vægi, m.a. fyrir tilstilli núverandi stjórnvalda með menntamálaráðherra í farabroddi.

Kröftug viðspyrna efnahagslífsins sem drifin er áfram af verðmætum störfum og fjárfestingum með áherslu á menntun, rannsóknir og nýsköpun er nauðsynleg og mikilvægt er að íslenskt menntakerfi verði vel í stakk búið til að takast á við þann breytta veruleika sem nú blasir við. Í því sambandi vilja samtökin vekja sérstaka athygli á eftirfarandi:

Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hefur bent á að hér á landi séu vísbendingar um færnimistræmi á vinnumarkaði og er það í samræmi við niðurstöðu árlegrar könnunar SI meðal félagsmanna sinna. Fleiri iðnmenntaða vantar á vinnumarkað sem og fleiri tæknimenntaða á háskólastigi.



Undanfarin ár hafa stjórnvöld með menntamálaráðherra í fararbroddi horft sérstaklega til þessara greina með kynningarstarfi, efnahagslegum hvötum og með því að ryðja kerfislægum hindrunum úr vegi.

Aðsókn í starfsnám hefur aukist síðastliðin ár, en í nýrri samantekt Menntamálastofnunar um umsóknir í framhaldsskólum á vorönn 2021 kemur fram að rúmlega helmingur umsækjenda sækir um í starfsnámi. Þá eru væntingar um að breytingar á reiknilíkani háskólanna og aðrar aðgerðir og hvatar leiði til þess að fleiri útskrifist úr svokölluðum STEM greinum.

Menntunarstig hvers samfélags hefur veruleg áhrif á hagsæld þess. Mikilvægt er að fyrir liggja stefnumið varðandi menntun íslensku þjóðarinnar til framtíðar þannig að mannauðurinn standist samanburð við það sem best gerist. SI leggja til eftirfarandi umbætur svo að öflugt menntakerfi verði forsenda aukinnar hagsældar.

- Vinna gegn kerfislægum vanda starfsmenntunar er varðar námsframvindu, námslok og tækifæri nemenda til framgangs að námi loknu. Samþykkja frumvarp um breytingu á lögum um háskóla sem er í Samráðsgátt stjórnvalda.
- Greiða götu þess að framkvæmdir við byggingu nýs Tækniskóla verði hafnar á árinu 2022.
- Innleiða hvata þannig að háskólar útskrifi fleiri nemendur í STEM greinum.
- Efla til nýsköpunar og nýstárlegrar kennslutækni á öllum skólastigum og auka áherslu á forritun og raun- og tæknigreinar frá yngstu stigum grunnskóla með því að fylgja eftir lögum um aðalnámskrá.
- Ljúka innleiðingu rafrænna ferilbóka í öllum greinum á árinu 2021.

Samdráttur vergrar landsframleiðslu mældist 6,6% árið 2020, sem er mun minna en greiningaraðilar spáðu í upphafi covid 19 faraldursins. Þar sem útlitið er bjartara nú en gert var ráð fyrir er afar mikilvægt að slá hvergi af varðandi framlög til menntamála. Nú er tími til að spýta í lófana svo að viðspyrnan verði öflug og að menntakerfið styðji við þá endurreisn. Nú er einnig tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt og nýta okkur hugsun nýsköpunar og vaxtar í menntakerfinu í heild.

Nýsköpun

Ísland á að vera í fremstu röð meðal þjóða heims þegar kemur að nýsköpun. Styrkja þarf þjóðarþúið í harðri alþjóðlegri samkeppni á þessu sviði enda er hugvit án landamæra. Á árinu 2020 áttu sér stað mikilvægar umbætur á sviði nýsköpunar. Ber þar hæst hækkun á hlutfalli og þaki á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar. Fleira kom til. Nýr hvatasjóður frumkvöðlafjárfestinga, Kría, var festur í lög og framlög til Tækniþróunarsjóðs aukin. Þessar aðgerðir eru mikið framfaraskref og leggja SI áherslu á að haldið verði áfram á þessari braut.

Nýsköpun er ein meginforseta framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar fyrirtækja og þjóða. Nýsköpun í atvinnulífi leggur grunninn að sköpun verðmætra og eftirsótttra starfa í framtíðinni. Nýsköpun á sér stað í öllum atvinnugreinum og hjá litlum og stórum fyrirtækjum. Með því að skapa kjöraðstæður fyrir nýsköpunardrífna starfsemi fyrirtækja



hér á landi mun Ísland jafnframt leggja sitt lóð á vogarskálarnar til að mæta þeim áskorunum sem við stöndum frammi fyrir í tengslum við loftslagsmál og öldrun þjóðarinnar, með tilheyrandi arði sem í því felst fyrir þjóðarbúið. Vert er að minna á að nýsköpun er í eðli sínu græn enda leiða nýjar lausnir til minni losunar gróðurhúsalofttegunda sem og til minni og eða jákvæðari áhrifa á umhverfið.

Aðgerðir til að örva nýsköpun eru einnig nauðsynlegar til að uppfylla þörf fyrir aukinn útflutning, en gjaldeyristekjur þjóðarbúsins þurfa að aukast gríðarlega til að halda í við, og efla, lífskjör til framtíðar. Þetta verður einungis kleift með virkjun hugvits, nýsköpun, nýjum útflutningi og nýjum leiðum til að vinna aukin verðmæti úr takmörkuðum náttúruauðlindum þjóðarbúsins.

Hlutfallslega hafa framlög til nýsköpunar, rannsókna og þekkingargreina aukist mest á kjörtímabilinu og er það fagnaðarefni og rétt forgangsroðun að mati SI. Á kjörtímabilinu hefur hlutverk ríkisins í stuðningi við nýsköpun einnig verið skilgreint betur og áhersla lögð á skattahvata og styrkingu samkeppnissjóða. Hækkun á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar þarf að festa í sessi en umræddar hækkanir sem voru lögfestar í maí 2020 hafa nú þegar skilað sér í auknum umsvifum í nýsköpun og aukinni fjárfestingu fyrirtækja í rannsóknum og þróun sem skapar ný og verðmæt störf og skilar sér í aukinni verðmætasköpun og efnahagsumsvifum til framtíðar.

Líkt og fram kemur í fjármálaáætlun er markmið ríkisstjórnarinnar að út úr núverandi efnahagsástandi komi enn farsælla og samkeppnishæfara þjóðfélag. Áhersla er lögð á kröftuga viðspyrnu efnahagslífsins sem er drifin áfram af verðmætum störfum og fjárfestingum. SI vilja hrósa stjórnvöldum fyrir aukna skattahvata til nýsköpunar og telja að þeir hafi nú þegar skilað sér í auknum umsvifum á undanförunum tveimur árum. Til marks um það námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar, sem byggir að miklu leyti á fjárfestingu í nýsköpun, um 16% af útflutningstekjum þjóðarbúsins 2020. Á sama tíma námu útflutningstekjur ferðaþjónustu 13%. Staðfesta þessar tölur að ný stoð, hugverkaiðnaður, hefur skotið rötum í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins.³

Halda þarf áfram á þeirri braut að efla hvata og umgjörð nýsköpunar af fullum krafti og mikilvægt að forgangsraða því verkefni. SI hafa lagt fram fjölmargar tillögur í þeim efnunum og eru ávallt reiðubúin í samtal um hvað mætti betur fara til að styðja við markmið um nýsköpunardrifið hagkerfi til framtíðar. Stóraukin áhersla á stafræna þróun hjá hinu opinbera er einnig jákvætt og tímabært skref og endurspeglast það í fjármálaáætlun þessari. Þessu fagna SI enda mun stafræn bylting ríkisins hafa jákvæð áhrif, fela í sér hagræðingu til skemmri og lengri tíma og auka skilvirkni sem getur skilað aukinni samkeppnishæfni. Þarna er fjármunum því vel varið og vilja SI hrósa stjórnvöldum fyrir þessar áherslur.

Samtök iðnaðarins leggja til eftirfarandi umbætur sem næstu skref í að skapa forsendur fyrir því að íslenskt hagkerfi verði í ríkari mæli drifið áfram af fjárfestingu í nýsköpun.

- Gera breytingar á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, hækkun þaks og endurgreiðsluhlutfall vegna rannsókna og þróunar, ótímabundnar. Markmiðið er að skapa fyrirsjáanleika í rekstri fyrirtækja og gera þeim kleift að gera langtímaáætlanir um þróunarverkefni.

³ https://www.si.is/media/_eplica-uppsetning/Greining-SI_Fjorda-stodin_hugverkaidnadur-02-12-2020.pdf



- Hækka skattafrádrátt vegna fjárfestinga einstaklinga í sprotafyrirtækjum úr 75% í 100% til að virkja einkafjármagn í fjárfestingar í frumkvöðlastarfsemi og nýsköpun.
- Gera hækkun á heimild lífeyrissjóða úr 20% í 35% vegna fjárfestinga í vísisjóðum varanlega.
- Auka enn frekar framlög til Tækniþróunarsjóðs og taka mið af mælanlegum markmiðum um úthlutunarhlutfall þannig að framlög taki mið af eftirspurn. Með þeim hætti er unnt að bregðast við háu atvinnuleysi og tilheyrandi aukinni aðsókn í sjóðinn hverju sinni.
- Hvetja til verndunar hugverka með því að skattleggja tekjur fyrirtækja af hugverkaverndaðri vöru og þjónustu á annan hátt en aðrar viðskiptatekjur.
- Liðka fyrir komu erlendra sérfræðinga til Íslands með rýmkun á heimild til skattafrádráttar, einföldun ferla leyfisveitinga og stafrænni nálgun.
- Markaðssetja Ísland á breiðari grunni, sem nýsköpunarland og því beint sérstaklega að fjárfestum, frumkvöðlum og erlendum sérfræðingum. Stórefla upplýsingagjöf um skattahvata og umgjörð nýsköpunar.
- Efla stuðning við markaðssókn fyrirtækja og sölu á íslensku hugviti. Setja á laggirnar sérstakan sölu- og markaðsþróunarsjóð í umsjá Rannís með 1 ma.kr. árlegu framlagi í sjóðinn.

Innviðir

Samtökin vilja hrósa stjórnvöldum að hafa frá upphafi faraldursins haft það skýrt markmið að ýta undir fjárfestingu til að milda hagsveifluna, bæði með því að sporna gegn samdrætti í fjárfestingu einkaaðila og með því að auka við opinbera fjárfestingu. Líkt og fjallað er um í rammagrein 4 í fjármálaáætluninni eru margföldunaráhrif fjárfestingarútgjalda meiri og langvinnari en annarra ríkisútgjalda við þær aðstæður efnahagsslaka sem nú ríkja og fyrirséð er að ríki áfram næstu misserin. Ánægjulegt er að horft hefur verið til verkefna sem geta aukið framleiðni til lengri tíma og þeirra sem skapa sem mesta atvinnu. Fjármálastefna sem hefur mikilvægi innviða að leiðarljósi er til þess fallin að tryggja samkeppnishæft atvinnulíf og góð efnahagsleg lífskjör. Með fjárfestingum í innviðum er fjárfest í sjálfbærum hagvexti framtíðarinnar.

Innviðakerfið hér á landi er umfangsmikið. Í nýrri skýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga (FRV) um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi kemur fram að endurstofnviðir þess er tæplega 4.500 ma.kr.⁴ eða 155% af landsframleiðslu. Er umfang kerfisins meira en í mörgum öðrum ríkjum sem endurspeglar mikilvægi þess fyrir verðmætasköpun hagkerfisins. Viðhaldi innviða þarf hins vegar að sinna til jafns við uppbyggingu þeirra ef þeir eiga að geta þjónað tilgangi sínum. Skýrsla SI og FRV sýnir að uppsöfnuð viðhaldspörf er 420 ma.kr. í innviðakerfinu hér á landi og að ástand sumra innviða er slæmt. Horfur eru víða ekki góðar í innviðakerfinu t.a.m. í vegakerfinu.

Samkvæmt fjármálaáætlun og spá Hagstofunnar verður fjárfesting hins opinbera í sínu hæsta gildi á þessu ári í 12 ár sem hlutfall af landsframleiðslu. Hefur hlutfallið hækkað um 1,5 prósentustig frá 2016. Þetta er góð þróun að mati SI. Hins vegar þegar tölur fjármálaáætlunarinnar eru skoðaðar þá sést að þegar yfirstandandi fjárfestingaráttak rennur sitt skeið á enda lækkar hlutfallið niður að langtímameðaltali, sem er þó nokkuð undir því sem var í upphafi aldarinnar. Er

⁴ <https://www.si.is/frettasafn/innvidir-a-islendi-2021-astand-og-framtidarhorfur>



Þetta áhyggjuefni að mati SI og ljóst að meira þarf til að tryggja að innviðir landsins geti sinnt sínu hlutverki sem skyldi.

Samtökin fagna því sem fram kemur í rammagrein 10 í fjármálaáætluninni að nú sé unnið að frumvarpi til laga um fjárfestingar sem hefur það markmið að stuðla að skilvirkni, hagkvæmni, samræmdri málsmeðferð og faglegri umgjörð við fjárfestingar og eignaumsýslu ríkisins. Um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi lögum um skipan opinberra framkvæmda. Til mikilla bóta verður að mati SI að samræma áætlanir ríkisins í þessum efnum og skapa betri grundvöll fyrir forgagnsröðun verkefna. Samtökin taka einnig undir það sem kemur fram í umræddri rammagrein að tækifæri er til að stýra fjárfestingum ríkisins betur með markvissari ramma um slíkar fjárfestingar þar sem sveigjanleiki við nýtingu fjárfestingarheimilda sé aukinn.

Uppbygging íbúðarhúsnæðis þarf að vera í takti við þarfir samfélagsins. Lóðaskortur, flókið regluverk, ósveigjanleiki og tafir valda því að svo er því miður ekki í dag. Einfalda þarf umhverfi byggingar- og mannvirkjagerðar þar sem skortur er á eignarhaldi og yfirsýn yfir málaflokkinn. Núverandi starfsumhverfi byggingarmála er óskilvirkt og óhófleg reglubyrði eykur jafnframt flækjustig. Boðleiðir eru langar og ákvarðanatataka tímafrek. Aðkoma sveitarfélaga að einföldun í kerfinu er einnig nauðsynleg enda fara þau með skipulagsvald, leyfisveitingar og síðast en ekki síst gerð húsnæðisáætlana. Talsvert ósamræmi er nú í afgreiðslu sveitarfélaga hvað varðar byggingareftirlit, skipulagsmál og túlkun þeirra á regluverkinu. Skipulagsferlið er of þungt í vöfum og tekur of langan tíma. Tryggja þarf styttri afgreiðslutíma og koma í veg fyrir hamlandi skipulagsskilmála sem leiða til aukins kostnaðar og tafa við byggingu húsnæðis og hamla nýsköpun. Aukinn sveigjanleiki í byggingarreglugerð, eftirlit byggt á flokkun mannvirkja, innleiðing rafrænnar stjórnáætlunar og endurskoðun skipulagsferla mun stuðla að lægri kostnaði og aukinni skilvirkni við mannvirkjagerð en samhliða því þarf að auka framboð á nýjum lóðum.

Samtök iðnaðarinnar leggja til eftirfarandi umbætur svo að innviðir landsins geti verið nauðsynleg forsenda samkeppnishæfni þjóðfélagsins, fjölgunar starfa og aukinnar hagsældar.

- Breyta samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti í innviðaráðuneyti til að gera ákvarðanatöku skilvirkari í málefnum innviða og íbúðarhúsnæðis.
- Auka til framtíðar nýfjárfestingar og viðhald í innviðakerfinu. Leggja áherslu á að auka viðhald á þeim innviðum sem eru með mesta uppsafnaða viðhaldspörf og í versta ástandinu sbr. skýrslu um ástand og framtíðarhorfur innviða á Íslandi.
- Leggja áherslu á nýfjárfestingu í innviðum sem skapa mestan þjóðhagslegan ávinning. Nýta samvinnuleið hins opinbera og einkaaðila við uppbyggingu innviða og flýta þannig þjóðhagslega arðbærri fjárfestingu. Ná þarf samningum um slík verkefni á árinu 2021.
- Framlengja átakið „Allir vinna“, a.m.k. út árið 2022.
- Tryggja stöðuga uppbyggingu íbúðarhúsnæðis með því að auka framboð á nýju byggingarsvæði, bæta rafræna stjórnáætlunar, tryggja aðgengi að gögnum og stytta tímafresti.
- Innleiða rafræna byggingargátt.
- Koma í framkvæmd fyrir lok árs 2021 tillögum áttakshóps stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarinnar frá árinu 2019.



- Endurskoða lagaumhverfi skipulagsmála og hraða skipulagsferlum sveitarfélaga.
- Sameina embætti byggingarfulltrúa víða um land og samræma vinnubrögð sveitarfélaga.

Orka og umhverfi

Í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun er umfjöllun um umhverfis- og loftslagsmál, sbr. rammagrein 11, þar sem gerð er grein fyrir áætlun um aukningu á útgjöldum til loftslagsmála um 10 ma.kr. til ársins 2031. Eins og framkemur í þeirri umfjöllun er markmiðið að Ísland standist uppfærðar skuldbindingar sínar í loftslagsmálum frá júní 2020. Þar segir einnig að aðgerðirnar verða unnar í samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs og lúta að samdrætti í losun koltvísýrings og aukinni kolefnisbindingu.

Í þessu samhengi benda samtökin á að leiðin að minni losun gróðurhúsalofttegunda er eitt af mikilvægustu verkefnum samtímans og hefur mikill árangur í þeirri baráttu náðst hér á landi á síðustu áratugum, m.a. með nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Þá hefur atvinnulífið leitað leiða á eigin forsendum til að breyta framleiðsluferlum eða öðrum þáttum til að lágmarka áhrif á umhverfið. Þessi aukna áhersla hefur, og mun áfram, leiða til þróunar í grænni tækni, umhverfisvænni framleiðsluferlum og orkuskiptum í samgöngum svo dæmi séu tekin.

Metnaðarfull markmið á sviði umhverfis- og loftslagsmála verður áskorun fyrir samfélagið en að sama skapi verða til tækifæri til þess að þróa nýja tækni og aðferðir til að gera hluti öðruvísi og betur. Ýta þarf undir slíka framþróun með jákvæðum hvötum í stað þess að einblína alfarið á boð og bönn. Mikilvægt er að tryggja að regluverk standi ekki í vegi fyrir jákvæðri framþróun á þessu sviði og fjárhagslegum hvötum verði komið á til að styrkja enn frekar þróun, s.s. styrkir á vettvangi Loftslagssjóðs.

Ef takast á að stemma stigu við loftslagsvanda, sem er alþjóðlegt hagsmunamál, liggur fyrir að það þurfa að eiga sér stað orkuskipti, þar sem skipt er úr jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa. Þar getur Ísland lagt mikið af mörkum. Metnaður stjórnvalda hlýtur að liggja til þess að draga úr flækjustigi í kerfinu og greiða götu þeirra sem vilja standa að slíkri uppbyggingu. Geta Íslendingar lært af Norðmönnum og öðrum þjóðum. Það gengur ekki að verkefni sem geta stuðlað að verðmætasköpun hér á landi, og um leið að því að draga úr losun á heimsvísu, velkist í kerfinu árum saman með tilheyrandi kostnaði og neikvæðum áhrifum á loftslag í heiminum. Samtökin hafa því lagt til umbætur í orku- og umhverfismálum til að ná enn frekari árangri á þessu sviði umfram þá umfjöllun sem fram kemur í áðurnefndri rammagrein í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun þar sem fjallað er jafnt um styrkjaumhverfi sem og innviðaupbyggingu í þágu aðgerða á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Í þessu sambandi hafa samtökin lagt áherslu á eftirfarandi atriði.

- Nauðsynlegt er að breyta tilgangi og markmiðum Loftslagssjóðs þannig að sjóðurinn fjármagni umbreytingu í atvinnulífi sem dregur úr losun. Tekjur vegna sölu á losunarheimildum renni þannig óskiptar í sjóðinn.
- Mikilvægt er að skapa fjárhagslega hvata til að stuðla að umhverfisvænum breytingum. Horfa til fordæma erlendis frá, s.s. starfsemi hins norska ENOVA-sjóðs sem styrkir verkefni sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, þróa orku- og umhverfistækni og efla raforkuöryggi.
- Það þarf að draga úr flækjustigi í stjórnsýslu vegna uppbyggingar innviða, t.a.m. samgöngumannvirki og raforkukerfi, s.s. hvað varðar leyfisveitingar og umhverfismat.



Einfalda þarf málsmeðferð með rafrænum lausnum fyrir leyfisveitingar framkvæmda, skipulagsferli, mat á umhverfisáhrifum og aðra stjórnsýsluferla. Þá þarf að samræma ferli, forðast endurtekningar á ferlum og einfalda kæruheimildir.

- Það þarf að vinna að því að gera fyrirtækjum kleift að framleiða raforku úr auðlindastraumum í starfsemi sinni og selja inn á almennan markað. Ryðja þarf úr vegi lagalegum hindrunum sem og samningsbundnum takmörkunum til að koma slíku kerfi á og afhendingu inn á almennan raforkumarkað. Tækifærin eru til staðar og því þarf að koma breytingum á sem allra fyrst til að tryggja enn frekar framboð á raforku og efla raforkuöryggi.

SI mótmæla hækkun krónutölugjalda

SI gagnrýna áform hins opinbera um hækkun krónutölugjalda á olíugjaldi, bensíngjaldi, kílómetragjaldi, bifreiðagjaldi og áfengis- og tóbaksgjaldi. Síðustu ár hafa þessi gjöld hækkað árlega um 2,5% sem hefur komið mjög niður á íslenskum framleiðendum og neytendum. Í þessu samhengi vilja samtökin þá minna á eitt meginmarkmið lífshagsamninganna um stöðugt verðlag og varðveislu kaupmáttar fyrir almenning í landinu. Rekstrarumhverfi fyrirtækja versnar einnig með auknum álögum sem kemur niður á samkeppnishæfni þeirra. Til að auka samkeppnishæfni fyrirtækja eða hið minnsta draga ekki úr henni er mikilvægt að halda aftur af hækkunum á sköttum og gjöldum nú þegar við siglum inn í samdráttarskeið. Langstærstur hluti íslenskra fyrirtækja hefur glímt og glímir enn við efnahagslegar afleiðingar af völdum COVID. Á meðan hið opinbera hefur verið að styðja við íslensku atvinnulíf, með einum eða öðrum hætti, að mæta þessum afleiðingum þá skýtur það skökku að á hinn bóginn sé hið opinbera að leggja auknar álögur á fyrirtækin. Stjórnvöld ættu öðru fremur að draga úr hömlum og álögum á þessum tímapunkti til að styrkja íslenskt atvinnulíf sem skilar sér síðan í aukinni hagsæld. Leggja samtökin því til að hækkun áður nefndra gjalda verði dregin til baka.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI